

## Ásakanir út og suður

Einn þeirra starfsmanna sem gagnrýnir „fráfarandi“ stjórn Geðhjálpur og núverandi framkvæmdastjóra sem harðast, ritaði eftirfarandi bréf í janúarlok síðastliðinn, og er það dæmigert fyrir sveiflukenna yfirlýsingaleði sem einkennt hefur máflutning deiluaðila, sem virðast vera margskiftir og margklofnir:

„Undirrituð vill koma á framfæri óánægju sinni með óviðeigandi ástand sem ríkir vegna óheilinda forstöðumanns stuðningsþjónustu Geðhjálpur.

Eins og ástandið er í dag treysti ég mér illa til að gegna störfum mínum. Mér þykir það miður vegna þess að mér líkar vel við starfið en tel ástandið á vinnustaðnum óviðunandi eins og það er í dag. Svo virðist sem starfsfólkið vinni hvert gegn öðru í stað þess að standa saman, eins og nauðsynlegt er á vinnustað sem þessum. Ég vil hiklaust halda því fram að forstöðumaður stuðningsþjónustunnar vinni störf sín af óheilindum og það skilar sér í lélegum starfsanda og óánægju starfsfólks.

Ég leyfi mér því hér með að fara fram á það að framkvæmdastjóri og stjórn Geðhjálpur taki á þessum málum.“

—Undirskrift sem ekki er birt hér af tillitssemi við bréfitara.